



188. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal þriðjudaginn 23. ágúst 2011 og hófst kl. 16:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Jón Gestur Viggósson, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Helga H. Magnúsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Garðar Svansson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu Sigríður Jónsdóttir og Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður.

Þetta gerðist:

1. Ólympísk verkefni

Vetrarólympíuleikar ungmenna

Friðrik Einarsson fór yfir undirbúning vegna Vetrarólympíuleika ungmenna sem fram fer í Innsbruck í janúar nk. Áætlaður fjöldi keppenda er 2-3. Friðrik benti á að mikill kostnaður fylgi slíkum leikum þar sem uppfylla þarf strangar kröfur IOC varðandi t.d. fatnað, sem eru sambærilegar og á hefðbundnum Ólympíuleikum.

EYOF Trabzon 2011

Helga H. Magnúsdóttir greindi frá þátttöku í EYOF í Trabzon í Tyrklandi sem fram fór í júlí sl. Formleg skýrsla frá hátíðinni verður lögð fram síðar. Kröfur við val á keppendum á EYOF og EYOWF og umgjörð undirbúnings fyrir hátíðirnar er til umræðu á Afreks- og Ólympíusviði.

London 2012

Líney lagði fram minnisblað vegna aðalfararstjórafundar sem fram fór í London 8.-12. ágúst sl. Undirbúningur framkvæmdanefndar leikana er á undan áætlun og mannvirki líta vel út.

Ásdís Hjálmsdóttir hefur nú náð B-lágmörkum inn á leikana.

Forseti greindi frá því að fyrirhugað er að framkvæmdastjórn ÍSÍ sækji leikana í tilefni af 100 ára afmæli ÍSÍ árið 2012.

2. Afmæli ÍSÍ 2012

Forseti greindi frá fjárstuðningi ríkisstjórnar Íslands að upphæð 30 m.kr. við 100 ára afmæli ÍSÍ Forseti fór yfir aðdraganda þessarar ákvörðunar og fund sem forseti ÍSÍ og framkvæmdastjóri áttu með forsætisráðherra um málið í byrjun þessa árs.

Óskað hefur verið eftir því við Evrópusamband ólympíunefnda – EOC að fyrsti fundur framkvæmdastjórnar EOC á árinu 2012 verði haldinn hér á landi. Beðið er svars.

Forseti skýrði einnig frá því að Alþjóðaólympíunefndin - IOC hefur ánafnað ÍSÍ Daimler-Benz smárútu en ÍSÍ hefur lengi verið á biðlista vegna þessa samstarfsverkefnis IOC og Daimler-Benz.

Óska þarf eftir niðurfellingu á tollum og aðflutningsgjöldum vegna bílsins.

Forseti fór yfir kostnaðaráætlun og stöðu á undirbúningi vegna fyrirhugaðrar útgáfu afmælisrits ÍSÍ. Ákveðið hefur verið að fá Jón M. Ívarsson sagnfræðing til að vinna við söfnun ljósmynda fyrir útgáfuna.

Örn Andrésson formaður Afmælisnefndar ÍSÍ fór yfir fjárhagsáætlun vegna afmælisársins. Hann varpaði upp myndum af tillögum um afmælismerki ÍSÍ en verið er að vinna nánari útfærslur með hönnuði.

3. Starfsskýrslur

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu tölur úr starfsskýrslum 2011 sem varða starfsemi íþróttahreyfingarinnar árið 2010. Skilin voru góð eða um tæplega 98%. Tíu íþróttafélög í fimm héraðssamböndum eru í keppnisbanni.

Íþróttaiðkanir hafa aukist um ríflega 8000 á milli ára og eru nú í um 120.000 en á bak við þær liggja um 87.000 kennitölur, sem er fjölgun um 2%.

Félagsaðildir eru nú um 227.000 eða um 5% fleiri en á síðasta ári.

4. Formannafundur ÍSÍ

Rætt um dagsetningu fyrir Formannafund ÍSÍ 2011. Samþykkt að halda fundinn annað hvort 11. eða 12. nóvember nk. Endanleg ákvörðun um tímasetningu og staðsetningu fundarins verður tekin á næsta fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

5. Heiðranir

Forseta ÍSÍ hefur verið boðið í 60 ára afmælishóf Fimleikafélagsins Bjarkar og mun þar afhenda heiðranir sem ákveðnar voru á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ í maí sl. en þar var samþykkt að heiðra Hafstein Þórðarson, Ingvar Kristinsson og Önnu Maríu Valtýsdóttur með Gullmerki ÍSÍ.

6. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 187. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ
- 12. og 13. fundargerð framkvæmdaráðs ÍSÍ
- 94. og 95. fundargerð Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ
- 60. fundur Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ
- Fundur Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ 23. júní s.l.

7. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru.

8. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verða 22. september og 20. október nk. Fyrirhugað er að halda vinnufund í tengslum við fundinn 20. október nk. Forseti óskaði eftir tillögum að dagskrárefni fyrir vinnufund.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Líney Rut Halldórsdóttir fundarritari